

Skýringar við árslokatölfræði Gegnis

Inngangur

Árslokatölfræði lýsir stöðu og virkni aðildarsafna Gegnis við áramót. Birting árslokatölfræðinnar á vef Landskerfis bókasafna hefur tekið miklum breytingum milli áráanna 2017 og 2018. Allar skýrslur frá árinu 2015 eru nú á safnagrunni en þær voru áður bundnar við flokkun safnanna í hópa. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef Landskerfis bókasafna fyrir innskráða notendur undir „Árslokatölfræði -> Einstök söfn“.

Eldri skýrslur eru einnig aðgengilegar á vef Landskerfisbókasafna undir „Einstök söfn 2006 – 2016“.

Landskerfi bókasafna býður upp á þrjá flokka tölfræði fyrir Gegni, mánaðarlega tölfræði, árslokatölfræði og topplista útlána sem sýna vinsælasta útlánsefni safnanna. Mánaðarleg tölfræðin er dregin út í lok hvers mánaðar og birt á þjónustuvef allt árið um kring. Í lok árs er unnin tölfræði úr Gegni sem tekur til undangengins árs. Hún er birt á þjónustuvef undir heitinu árslokatölfræði.

Ekki er hægt að framkvæma talningu með nákvæmlega sama hætti í árslokatölfræði og mánaðarlegri tölfræði, og því getur verið lítilsháttar munur á niðurstöðum á milli þessara tveggja flokka. Samlagning tólf mánaða úr mánaðarlegri tölfræði gefur þannig ekki sömu niðurstöðu og staða gagnagrunnsins í lok árs. Einnig eru skýrslurnar ólíkar í þessum tveim flokkum. Lykilskýrslur byggjast á talningum í sviðum sem eru nauðsynleg fyrir virkni kerfisins, s.s. eintakastaða, lánþegastaða og efnistegund. Lykilskýrslurnar eru áreiðanlegastu heimildirnar til samanburðar á milli ára.

Lykilskýrslur eru:

- Eintök:
 - E01 - Eintakafjöldi eftir efnistegund
 - E04 - Eintakafjöldi eftir eintakastöðu
- Útlán:
 - U03 - Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu og kyni
 - U04 - Útlán og endurlán eftir eintakastöðu
- Lánþegar:
 - L01 - Lánþegar eftir lánþegastöðu
 - M01 - Lánþegar eftir lánþegastöðu, síðastliðin 3 ár

Eintök

Gögn sem talin eru sem eintök hafa fengið strikamerki í Gegni. Það er því raunefni sem er talið en ekki rafrænt efni né greiniskráð efni eins og greinar, bókaflar og einstök lög eða verk í tónlistarútgáfu.

E – SKÝRSLUR		
Númer	Heiti skýrslu	Skýring
E01	Eintakafjöldi eftir efnistegund	Skýrslan sýnir fjölda eintaka eftir efnistegund eintaks.
E02	Eintök eftir flokkstölu	Eintök eru flokkuð eftir fyrsta tölustaf eða bókstaf í staðsetningarsviði (flokkstölu).
E03	Eintök eftir safndeild	Skýrslan sýnir fjölda eintaka eftir safndeildum. Safndeildarkóðar birtast en ekki heiti safndeilda.
E04	Eintakafjöldi eftir eintakastöðu	Skýrslan sýnir eintök eftir stöðu þess. Þetta er lykilskýrsla og besta heimildin til samanburðar milli ára.
E05	Eintök eftir ferilstöðu	Skýrslan sýnir eintök flokkuð eftir ferilstöðu. Ferilstaða segir til um hvar í heildarferlinu eintakið er statt, þ.e.a.s. hvort það sé í pöntun eða týnt. Athugið að flest eintök hafa ekki ferilstöðu. Þegar skýrslurnar E01 og E05 eru bornar saman getur verið misræmi í fjölda eintaka. E01 telur ekki ferilstöðurnar OK (Ókomið), OU (Óútgefið), PB (Pöntun-bið) og PO (í pöntun) en E05 telur öll eintök óháð ferilstöðu.
E06	Nýskráningar eftir mánuðum	Skýrslan sýnir eintök og titla sem hafa verð nýskráð á árinu eftir mánuðum. Talning á titlum byggir á fjölda titla í bókasafni sem hafa bætt við sig nýju eintaki á árinu.
E07	Ný- og afskráningar eftir efnistegund	Skýrslan sýnir fjölda ný- og afskráðra eintaka í safni eftir efnistegund.
E08	Afskráð eintök eftir safndeild	Skýrslan sýnir fjölda afskráðra eintaka eftir safndeild. Athugið að safndeildarkóðar birtast en ekki heiti safndeilda.
E09	Eintök og titlar eftir útgáfuári	Skýrslan sýnir titla og eintök eftir útgáfuári. Taldir eru allir titlar sem hafa tengd eintök, óháð efnistegund. Tímarit sem eingöngu hafa forðafærslur eru ekki talin með.
E10	Eintök eftir bókmenntaformi	Skýrslan sýnir eintök flokkuð eftir því bókmenntaformi sem er skráð í stýrisvið bókfræðifærslunnar, svið 008, sæti 33. Sjá nánar í „ Tölur úr bókfræðigrunni Gegnis, greinargerð um söfnun og úrvinnslu til ársloka 2014 “

Útlán

U-skýrslur lýsa útlánnum í Gegni á fjölbreyttan hátt. Út- og endurlán eru bæði skilgreind sem útlán, þ.e. aðgerðarkóðar 50-57, 62, 63, 64 þ.m.t. millisafnalán. Tölur í nokkrum skýrslum eru kyngreindar, þ.e. karl, kona og ótilgreint. Í flestum tilvikum þar sem kyn er ókyngreint hefur kyn ekki verið skráð eða um er að ræða fyrirtæki og stofnanir.

U - SKÝRSLUR		
Númer	Heiti skýrslu	Skýring
U01	Útlánaaðgerðir eftir aðgerðakóða	Skýrslan sýnir útlán eftir aðgerðarkóða. Aðgerðarkóðar lýsa útlánaaðgerðum eins og útlánnum, skilum, endurnýjunum, frátektum og svo framvegis.
U02	Útlánaaðgerðir eftir aðgerðarkóða, lánþegastöðu og kyni	Skýrslan sýnir útlánaaðgerðir eftir aðgerðarkóða, s.s. útlán eða skil, lánþegastöðu og kyn.
U03	Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu og kyni	Í skýrslunni eru útlán og endurlán flokkuð eftir lánþegastöðu og kyni. Þetta er lykilskýrsla og gefur því réttustu myndina af útlánnum hvers safns.
U04	Útlán eftir eintakastöðu	Þessi skýrsla flokkar útlán og endurlán eftir eintakastöðu. Þetta er lykilskýrsla og besta heimildin til samanburðar milli ára.
U05	Útlán og endurlán eftir fæðingarátug	Skýrslan sýnir útlán eftir fæðingarátug lánþega. Tölur í skýrslunni eru kyngreindar.
U06	Útlán og endurlán eftir lánþegategund og kyni	Skýrslan sýnir útlán og endurlán eftir lánþegategund og kyni.
U07	Útlán og endurlán eftir póstnúmeri	Skýrsla sýnir útlán og endurlán eftir póstnúmeri lánþega. Miðað er við lögheimili lánþega en ekki aðsetur. Aðeins eru taldir þeir lánþegar sem hafa skráð lögheimili. Hafi lánþegi skráð tvö lögheimili er hann talinn tvisvar.
U08	Útlán og endurlán eftir efnistegund eintaks	Skýrslan sýnir útlán og endurlán eftir efnistegund eintaks.
U09	Útlán og endurlán eftir mánuði og klukkustund	Skýrslan sýnir fjölda útlána og endurlána eftir klukkustund í hverjum mánuði.
U10	Skil eftir mánuði og klukkustund	Skýrslan sýndir fjölda skila eftir klukkustund í hverjum mánuði.
U13	Útlán og skil í sjálfafgreiðsluvélum	Skýrslan sýnir fjölda útlána, skila og endurnýjanna í sjálfafgreiðsluvélum.
U14	Útlán eftir safndeild	Í skýrslunni eru útlán flokkuð eftir safndeild. Safndeildarkóðar birtast en ekki heiti safndeilda.

Útlánasamlög

Útlánasamlög eru af tvennu móti í Gegni. Millireykjasamlagið og Árborgarsamlagið eru lánþegasamlög sem veitir lánþegum þeirra safna sjálfkrafa réttindi í samstarfssöfnum.

- Millireykjasambandið er samstarf bókasafnanna í Kópavogi, Garðabæ og Hafnafirði. Lánþegar allra bókasafnanna eru skráðir hjá Milli-Reykjasambandinu, safnakóði MRYAA, en ekki hjá einstökum söfnum.
- Árborgarsamlagið samanstendur af bókasöfnunum á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Önnur útlánasamlög virkja lánþega samstarfssafna í sínum söfnum eftir þörfum sem dæmi um slík samlög eru samstarf:

- Borgarbókasafns Reykjavíkur, Bókasafnsins á Seltjarnarnesi og Bókasafnsins í Mosfellsbæ
- Bókasafnanna á Akranesi og í Borgarnesi

Fyrir breytinguna á birtingu árslokátöfræðinnar 2018 voru gerðar útlánaskýrslur fyrir ofan greind samlög. Nú þegar árslokátölfræðin byggir alfarið á safnagrunni má sjá sambærilega upplýsingar í skýrslu „U07 – Útlán og endurlán eftir pósthúmeri“, einnig má sjá fjölda lánþega á safni eftir pósthúmerum í skýrslu „L05 – Lánþegar eftir pósthúmeri lögheimilis“.

Lánþegar

Lánþegaskýrslur skiptast í L-skýrslur og M-skýrslur. L-skýrslur byggja á fjölda lánþega með gild skírteini í árslok en M-skýrslur telja alla lánþega sem eru eða hafa verið virkir síðastliðin þrjú ár miðað við árslok, t.d ef M-skýrsla er valin fyrir 2017 þá eru allir lánþegar taldir sem að hafa verið með gilt skírteini einhvern tímann innan tímabilsins janúar 2015 til desember 2017. Tölur í öllum skýrslum um lánþega eru kyngreindar.

L - SKÝRSLUR		
Númer	Heiti skýrslu	Skýring
L01	Lánþegar eftir lánþegastöðu	Lánþegar eru taldir eftir lánþegastöðu. Þetta er lykilskýrsla og besta heimildin til samanburðar milli ára.
L02	Lánþegar eftir lánþegategund	Skýrslan sýnir lánþega eftir tegund þeirra.
L03	Lánþegar eftir fæðingarátug	Skýrslan sýnir fjölda lánþega eftir fæðingarátug. Í sumum tilfellum vantar upplýsingar um fæðingarár.
L04	Nýir lánþegar eftir lánþegategund	Skýrslan sýnir fjölda nýrra lánþega á safni eftir lánþegategund.
L05	Lánþegar eftir póstnúmeri	Miðað er við lögheimili lánþega en ekki aðsetur. Aðeins eru taldir þeir lánþegar sem hafa skráð lögheimili. Hafi lánþegi skráð tvö lögheimili er hann talinn tvisvar.

M-skýrslur telja lánþega sem hafa verið virkir einhvern tímann á þriggja ára tímabili frá árlökum valins árs.

M - SKÝRSLUR		
Númer	Heiti skýrslu	Skýring
M01	Lánþegar eftir lánþegastöðu	Lánþegar eru taldir eftir lánþegastöðu. Þetta er lykilskýrsla og besta heimildin til samanburðar milli ára.
M02	Lánþegar eftir lánþegategund	Skýrslan sýnir lánþega eftir tegund þeirra.
M03	Lánþegar eftir fæðingarátug	Skýrslan sýnir fjölda lánþega eftir fæðingarátug. Í sumum tilfellum vantar upplýsingar um fæðingarár.
M04	Nýir lánþegar eftir lánþegategund	Skýrslan sýnir fjölda nýrra lánþega á safni eftir lánþegategund.
M05	Lánþegar eftir póstnúmeri	Miðað er við lögheimili lánþega en ekki aðsetur. Aðeins eru taldir þeir lánþegar sem hafa skráð lögheimili. Hafi lánþegi skráð tvö lögheimili er hann talinn tvisvar.